

Hverfisráð Hríseyjar

168. fundur.

Fimmtudaginn 22. febrúar 2024 kl. 20:30 var haldinn 168. fundur hverfisráðsins í Hlein.

Mætt voru; Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Narfi Freyr Narfason. Áheyrnafulltrúi bæjarstjórnar var Halla Björk Reynisdóttir.

Fundargerð ritaði Ásrún Ýr Gestsdóttir.

Dagskrá

1. Nýframkvæmdir umhverfismála 2024

Farið yfir hugmyndir hverfisráðs um nýframkvæmdir og áframhaldandi framkvæmdir fyrir árið 2024. Glærur með hugmyndum fylgir fundargerð. Rætt um að skerpa þurfi á því í hvað framkvæmdafé, sem hverfisráð hefur um að segja, eigi að fara. Farið yfir skilgreiningar á hverfum og byggðarkjörnum og sérstöðu Hríseyjar í Akureyrarbæ.

2. Skipulagsmál

Rætt um skipulag við Austurveg 15-21 og fyrrum bókun hverfisráðs og að langt sé liðið frá því ráðið hafi fyrst sent inn ósk um að setja fleiri og fjölbreyttari lóðir á skipulag í Hrísey. Hverfisráð sendi erindi til skipulagssviðs árið 2021 en lítið sem ekkert hefur gerst þremur árum síðar. Rætt um skipulag ofan við Miðbraut og stöðuna á því verkefni. Áhugi fyrir því að halda kynningarfund fyrir íbúa um skipulag eyjarinnar. Greiða þarf fyrir að áhugasöm fái þær orlofshúsalóðir sem eru á skipulagi en hafa hingað til verið ófáanlegar. Vert að athuga að ekki er búið að loka skipulagsbreytingum við Austurveg og íbúar hafi enn tíma til þess að senda inn athugasemdir.

3. Aðalfundur 2024

Verið er að skoða daga fyrir aðalfund í apríl og hafa beri í huga að festa dagsetningu fljótlega svo bæjarfulltrúar geti tekið daginn frá.

4. Önnur mál

Rætt um hlutverk þjónustufulltrúa við hverfisráð, fundarumhverfi og boðun. Bæjarstjóri kemur til Hríseyjar 6. mars og tekur dag í að hitta íbúa og kynna sér málin í Hrísey. Hverfisráð, eða hluti þess, mun eiga fund með Ásthildi og vill ráðið lýsa yfir mikilli ánægju með komu hennar.

Fundi slitið 22:30